



Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um breytt fyrirkomulag á skráningu heimilisþrifa og gjaldtöku vegna innleiðingar á dala.care

Á fundi velferðarráðs þann 1. október 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um breytt fyrirkomulag á skráningu heimilisþrifa og gjaldtöku vegna innleiðingar á dala.care:

Lagt er til að gjaldtöku eftir tímamælingu við heimilisþrif verði hætt og þess í stað verði innheimt gjald eftir fjölda skipta. Miðað verði við tvö þjónustuprep í samræmi við umfang verkefna, byggt á mati teymisstjóra heimastuðnings.

Í samræmi við breytt verklag er lagt til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á gjaldskrá heimastuðnings:

1. og 2. mgr. 1. gr. í gjaldskrá heimastuðnings verði svohljóðandi:

Gjald fyrir hvert skipti vegna stuðningsþjónustu í formi þrifa á heimili er:

<i>Þrif - þrep 1 – léttari þrif</i>	<i>1.655 kr.</i>
<i>Þrif - þrep 2 – umfangsmeiri þrif</i>	<i>3.310 kr.</i>

Þjónusta í formi þrifa sem eru umfram fjögur skipti á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

Breytingin felur ekki í sér kostnaðaraukningu fyrir velferðarsvið.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ástæða samþykktra breytinga af samstarfsflokki velferðarráðs er fyrst og fremst vegna tæknilegra ástæðna. Nýtt skráningarkerfi dala.care styður ekki nákvæma tímaskráningu án þess að bæta þurfi við umtalsverðri aukavinnu og töluverðum kostnaði. Gjald verður innheimt eftir fjölda skipta í stað tímamælinga. Með nýrri útfærslu verður gjaldtökuferli tengt þjónusta í formi þrifa einfaldara og sjálfvirkara en nú sem sparar teymisstjórum heimastuðnings verulegan tíma en það er ástæðan fyrir nýju skráningarkerfi. Samstarfsflokkar velferðarráðs fagna þessari innleiðingu sem fer betur með með tíma starfsfólks.

Tillagan er hér með send borgarráði.





Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu gjaldskrárbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um breytt fyrirkomulag á skráningu heimilisþrifa og gjaldtöku vegna innleiðingar á dala.care, lögð fram á fundi velferðarráðs 1. október 2025.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breytt fyrirkomulag á skráningu heimilisþrifa og gjaldtöku vegna innleiðingar á dala.care

Lagt er til að gjaldtöku eftir tímamælingu við heimilisþrif verði hætt og þess í stað verði innheimt gjald eftir fjölda skipta. Miðað verði við tvö þjónustuprep í samræmi við umfang verkefna, byggt á mati teymisstjóra heimastuðnings.

Í samræmi við breytt verklag er lagt til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á gjaldskrá heimastuðnings:

1. og 2. mgr. 1. gr. í gjaldskrá heimastuðnings verði svohljóðandi:

Gjald fyrir hvert skipti vegna stuðningsþjónustu í formi þrifa á heimili er:

<i>Þrif - prep 1 – léttari þrif</i>	<i>1.655 kr.</i>
<i>Þrif - prep 2 – umfangsmeiri þrif</i>	<i>3.310 kr.</i>

Þjónusta í formi þrifa sem eru umfram fjögur skipti á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

Breytingin felur ekki í sér kostnaðaraukningu fyrir velferðarsvið.

Greinargerð:

Með innleiðingu nýs rafræns skráningarkerfis í heimaþjónustu, dala.care, verður hætt að nota eldra skráningarkerfi í Málaskrá. Núverandi gjaldtökufyrirkomulag fyrir þjónustu í formi þrifa byggir á eldra kerfisumhverfi og handvirkri úrvinnslu. Til að tryggja samræmi tæknilegar getu dala.care og gildandi gjaldskrár Reykjavíkurborgar um heimastuðning er nauðsynlegt að endurskoða og einfalda gjaldtökuna.

Samkvæmt núgildandi gjaldskrá:

- Greitt er 1.655 kr. á klukkustund fyrir þrif. Þjónusta í formi þrifa sem er umfram sex vinnustundir á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.
- Einstaklingar með framfærsluviðmið Tryggingastofnunar (TR) eða lægri eru undanþegnir gjaldskyldu.

Til að halda áfram að innheimta gjald samkvæmt núverandi gjaldskrá, sem miðar við tímagjald, þyrfti að forrita flókna bókunarlykla í dala.care með tilheyrandi kostnaði. Þá





þyrfti að tryggja að tímaskráningar væru nákvæmar sem felur í sér verulega vinnu fyrir teymisstjóra við eftirlit og eftirfylgni.

Lagt er til að gjaldtöku eftir tímamælingu verði hætt og þess í stað verði innheimt gjald eftir fjölda skipta. Miðað verði við tvö þjónustuprep í samræmi við umfang verkefna, byggt á mati teymisstjóra heimastuðnings. Undanþága frá gjaldskyldu gildir áfram ef einstaklingar eru undir framfærsluviðmiðum Tryggingastofnunar ríkisins. Þjónustuprep eru skilgreind með eftirfarandi hætti:

- **Þrep 1 – Léttari þrif**

Innifalið er stuðningur eða aðstoð við þrif á gólfum og baðherbergi, auk einfaldari heimilisverka (t.d. rúmfataskipti og/eða þvottur) þegar umfang er hóflegt samkvæmt mati teymisstjóra. *Gjald: 1.655 kr. á hvert skipti.*

- **Þrep 2 – Umfangsmeiri þrif**

Innifalið er stuðningur eða aðstoð við þrif á gólfum, baðherbergi og einfaldari heimilisverk (t.d. rúmfataskipti og/eða þvottur), ásamt öðrum verkefnum sem krefjast meiri fyrirhafnar eða ná yfir stærra/fleiri rými samkvæmt mati teymisstjóra. *Gjald: 3.310 kr. á hvert skipti.*

Breyting úr tímamælingu yfir í fjölda skipta kallar jafnframt á að endurskilgreina hámark þjónustu sem er endurgjaldslaus. Í stað þess að miða við að þjónusta umfram sex klukkustundir á mánuði verði endurgjaldslaus er lagt til að þjónusta umfram fjögur skipti á mánuði á hvert heimili verði endurgjaldslaus.

Í samræmi við breytt verklag er lagt til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á gjaldskrá heimastuðnings:

1. og 2. mgr. 1. gr. í gjaldskrá heimastuðnings breytist á eftirfarandi hátt:

~~Gjald fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma vegna stuðningsþjónustu í formi þrifa á heimili er 1.655~~

~~krónur.~~ Gjald fyrir hvert skipti vegna stuðningsþjónustu í formi þrifa á heimili er:

<i>Þrif - þrep 1 – léttari þrif</i>	<i>1.655 kr.</i>
<i>Þrif - þrep 2 – umfangsmeiri þrif</i>	<i>3.310 kr.</i>

Þjónusta í formi þrifa sem eru umfram ~~sex vinnustundir~~ fjögur skipti á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

Unnið verður skýrt verklag með teymisstjórum heimastuðnings um hvernig meta skuli umfang þrifa, til að tryggja samræmi og sanngjarnt vinnulag.

Ástæða framangreindra breytinga er fyrst og fremst vegna tæknilegra ástæðna. Nýtt skráningarkerfi dala.care styður ekki nákvæma tímaskráningu án þess að bæta þurfi við umtalsverðri aukavinnu og töluverðum kostnaði. Með nýrri útfærslu verður gjaldtökuferli tengt þjónustu í formi þrifa einfaldara og sjálfvirkara en nú sem sparar teymisstjórum heimastuðnings verulegan tíma en það er ástæðan fyrir nýju skráningarkerfi. Ekki verður lengur þörf á handvirkum innslætti sem dregur úr villuhættu auk þess sem það dregur úr



Reykjavík



kostnaði við eftirlit og gagnaúrvinnslu. Einnig munu notendur ekki lengur þurfa að skrifa undir á pappír til að staðfesta að þrif hafi átti sér stað heldur mun það verða staðfest í gegnum skráningarkeri dala.care með GPS tækni.

Fyrir notendur felur breytingin í sér fyrirsjáanlegt greiðslufyrirkomulag sem er auðvelt að áætla og skilja. Auk þess hefur breytingin í för með sér gagnsæi á þjónustustigi milli notenda. Fyrirkomulagið er einnig sveigjanlegt til að mæta mismunandi umfangi þjónustu í formi þrifa án þess að krefjast flókinna aðgerða innan skráningarkerfisins.



Reykjavík